

Skýrsla framkvæmdastjóra á ársþingi SSNE 2021.

Fundarstjóri, þingfulltrúar og gestir.

Ég ætla að flytja ykkur stutta og óformlega skýrslu um starfsemina hjá okkur í SSNE, önnur verkefni en þau sem stjórn kemur beinlínis að.

Samtökin eru enn að stíga sín fyrstu skref og ef ég horfi til baka þá hefur mikið áunnist í að sameina innviði félaganna þriggja og samþætta starfsemina og við erum fyrir löngu orðin eitt sameinað lið. Við erum með fund einu sinni í viku til að fara yfir það sem er í gangi á hverjum tíma og svo höldum við nokkra starfsdaga til að fara dýpra í málín, skipuleggja okkur og stilla saman strengi. Við höfum haldið tvo starfsdaga á þessu ári og sá þriðji er í lok þessa mánaðar.

Svo ég tæpi lauslega á nokkrum þeim verkefnum sem við höfum unnið hér á þessum tíma þá nefni ég samþættingu upplýsingatæknikerfa og flutning gagna úr eldri kerfum í sameiginlegt kerfi hjá SSNE. Það þurfti að fara í gegnum lén og vefsíður og grisja út það sem ekki er þörf fyrir og segja upp áskriftum sem óþarfar eru. Við erum við að vinna í skjalamálum og þá meina ég það hvernig við skjölum gögnin okkar og höldum utan um þau með tilliti til skilaskyldu til Þjóðskjalasafns.

Við innleiddum reglubundin starfsmannasamtöl sem þegar eru farin að skila okkur markvissri vinnu hvað mannauð varðar, uppbyggingu á góðum starfsanda, þörf fyrir símenntun og öðru sem komið er inn á í slíkum samtölum.

Við settum okkur samskiptastefnu og aðgerðaráætlun með henni og erum að vinna eftir þeirri áætlun og ég hygg að einhverjir hafi veitt því athygli að við erum að sækja í okkur veðrið í upplýsingamiðlun. Okkur gengur það vel að vekja athygli á samtökunum, verkefnum, styrkjum og öðru sem máli skiptir og koma fréttum á framfæri. Eins og fram kom hjá formanni áðan þá nýtum við heimasíðuna okkar, Facebook og Instagram og ekki má gleyma fréttabréfinu okkar sem við erum alltaf að móta og þróa og efla sem upplýsingamiðil.

Við erum núna að undirbúa innleiðingu á nýju sameiginlegu tímaskráningarkerfi þar sem við getum skráð tíma sem fara í helstu verkefni SSNE og ég hef væntingar til þess að við getum innleitt það að fullu í lok sumars þegar við erum búin að móta það þannig að það sé okkur gagnlegt og að kerfið vinni fyrir okkur.

Svo ég nefni nokkur önnur verkefni sem snúa að stefnumótunarmálum hjá ríkinu þá erum við með starfshóp sem kemur að endurskoðun byggðaaáætlunar í samstarfi við Byggðastofnun og ríkið. Það er mjög mikilvægt að við sem landshlutasamtök leggjum inn í þá vinnu til að auka líkur á því að byggðaaáætlun verði til að auka styrk landsbyggðanna og sé samþætt við aðrar áætlanir og þá ekki síst sóknaráætlun okkar.



Við höfum líka komið að stöðumati og undirbúningi grænbókar varðandi samgöngumál til undirbúnings samgöngustefnu ríkisins sem og stöðumati fjarskiptamála í landshlutanum. Þar höfum við verið ríkinu til aðstoðar og meðal annars nýtt tengslanet okkar til að koma á fundum um málefnið.

Þá nefni ég annað samstarf eins og samstarf við önnur landshlutasamtök sem eru umtalsverð og eru vaxandi. Það er mikill styrkur í því fólgin að vinna með kollegunum í öðrum landshlutasamtökum, deila þekkingu og reynslu og ræða hugmyndir og áskoranir. Einnig vil ég nefna vaxandi samstarf við Íslandsstofu sem við fögnum mjög.

Eitt af okkar stóru markmiðum er að efla tengslin og byggja upp tengslanet. Því verður ekki neitað að Covid 19 hefur sett stórt strik í reikninginn en þrátt fyrir það hefur okkur miðað áfram. Starfsfólk SSNE náði þó að heimsækja flest sveitarfélögin síðastliðið haust, ýmist rafrænt eða í raun þar sem m.a. sóknaráætlun var rædd. Þá vil ég einnig nefna okkar reglubundnu fundi með sveitarstjórnarfólki.

Við viljum einnig mjög gjarnan byggja upp tengsl við atvinnulífið á starfssvæði SSNE og efla tengsl á milli aðila atvinnulífsins. Það er eitt af þeim viðfangsefnum sem við horfum til á næstu misserum, þ.e. að leggja okkar að mörkum til að skapa vettvang fyrir atvinnulífið til að stilla saman strengi sína.

Það er nú þannig að við erum alltaf að fást við breytingar og eins og þið sjálfsagt vitið öll þá er verkefnisstjóri menningarmála að kveðja okkur í næsta mánuði. Það er alltaf missir af góðu starfsfólki en allar breytingar fela í sér tækifæri. Ég er núna að skoða það hvernig við skipum málaflokki menningar til næstu framtíðar hjá okkur þegar Vigdís hverfur á braut. Og samhliða því horfi ég til nokkurra þátta sem taka þarf tillit til.

Fyrst er að nefna að SSNE fullnýtir það fjármagn sem er til ráðstöfunar og hefur ekki bolmagn til að bæta við þau stöðugildi sem nú eru. Í öðru lagi eigum við eftir að uppfylla það að koma upp starfsstöð SSNE á Tröllaskaga. Í þriðja lagi er ákall um aukinn slagkraft í málaflokk umhverfismála hjá samtökunum. Í fjórða lagi þá er menningarmála-flokkurinn ekki fullt stöðugildi, Vigdís hefur sinnt ýmsum öðrum verkefnum. Í fimmta lagi, sem mér finnst kannski skipta mestu máli, er það að menningarmálin verði ekki eingöngu á höndum eins starfsmanns. Það er staðreynd að ef fleiri en einn koma að verkefni og til verður vettvangur til skoðanaskipta og að spegla hugmyndir manna á milli, þá eykst slagkraftur.

Ég er ekki kominn til enda með þessar vangaveltur en þarf að vinna rösklega því tíminn flýgur. Við munum að sjálfsögðu tryggja það að verkefnin detti ekki niður þótt eitthvert bil verði frá brotthvarfi Vigdísar þangað til nýr tekur við.



Að lokum vil ég bara segja þetta: Vel heppnuð sameining félaganna, öflugt starf og vaxandi kraftur SSNE er ekki síst því að þakka að við erum ákaflega heppin með starfsfólk. Mannauðurinn samanstendur af ólíkum einstaklingum með ólíkan bakgrunn, menntun og reynslu sem er mikill styrkur. Einbeittur vilji til að gera alltaf eins vel og hægt er og gera betur í dag en í gær einkennir viðhorfið og menninguna á vinnustaðnum. Þakka ykkur góða starfsfólk SSNE. Ég þakka stjórn einnig fyrir mjög gott samstarf og þeirra aðkomu að starfseminni. Og á þeim orðum enda ég og þakka fyrir mig.

Eypór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE.